

GJALDSKRÁ

fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Gjöld fyrir veitta þjónustu vegna gerlarannsókna fyrir heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaganna er kr. 350,00 fyrir hvert sýni.

2. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónstu skulu vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár annarra opinberra rannsóknastofnana.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 4. gr. laga nr. 92/1984, um breytingu á lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um öldungadeildir við mennta- og fjölbrautaskóla.

1. gr.

Stofnun og rekstur öldungaeilda.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað rekstur öldungaeilda við menntaskóla eða fjölbrautaskóla ef skilyrðum um nemendafjölda og aðstöðu til kennslunnar er fullnægt að mati ráðuneytisins.

2. gr.

Nemendur öldungaeilda.

Öldungaeild er skipulagt námskeiðahald eða/og kvöldskóli fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans, en æskja að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans.

Nemendur skulu vera orðnir 21 árs. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri undirbúningsmenntun þeirra en heimilt er að meta fyrra nám sem hluta af námi í öldungaeild.

3. gr.

Námskröfur og kennsla.

Geða skal sömu námskröfur til nemenda í öldungaeild og annarra nemenda skólans. Fjöldi kennslustunda í hverjum námsáfangi skal vera u. þ. b. helmingur þess, sem annars er í skólanum.

Nemendur skulu skráðir á ákveðna námsbraut og skulu þeir leggja stund á a. m. k. 9 eininga nám á önn. Á fyrstu önn skulu a. m. k. 6 einingar vera nám í kjarnagreinum ef námsframboð leyfir. Þó er heimilt að taka inn nemendur sem þurfa að ljúka námi í tilteknum áföngum til þess að öðlast réttindi til framhaldsnáms eða til starfa.